

Nd.

531. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndinni var það strax ljóst við fyrsta yfirllestur frumvarpsins, að ekki væri nokkur von þess, að halda því í sama horfi og það kom frá stjórninni. Viðtist henni stjórnin hafa farið oflangt í tilraunum sínum til að gera frumvarpið tekjuhallaust, þar sem sú viðleitni kom víða niður á útgjaldaliðum, sem engin tók voru á að spara til. En að setja sjálfsgæða útgjaldaliði vitanlega oflága eða sleppa óhjákvæmilegum útgjaldaliðum úr frumvarpinu, leiðir ekki til annars en villa mönnum sýn á fjárhagsástandinu og varna þeim fullkomins yfirlits.

Auk þess sem nefndin af framangreindum ástæðum áleit óhjákvæmilegt að hækka að mun útgjöldin, þá gerir núverandi ófriðarástand það að verkum, að hún sjer sjer ekki fært að halda fram eins miklum sparnaði og oft hefir áður verið. Má í því sambandi nefna útgjöld til ýmsra verklegra framkvæmda, sem nauðsynleg kunna að verða til atvinnubóta, og einnig það, að sjá fyrir og bæta kjör ýmsra manna, sem annaðhvort eru starfsmenn landsins eða á annan hátt háðir fjárveitingavaldinu.

Nefndin hefir þó reynt að fara sem varlegast í öllu, en tekið skal það fram, að hún miðar yfirlétt tillögur sínar um fjárveitingar við venjulegt ástand, þó nokkuð hærra en var fyrir ófriðinn, nema annað sje sjerstaklega tekið fram.

Nú mun það augljóst, að allverulegur tekjuhali hlýtur að verða, og verður þá ekki hjá því komist að leyfa stjórninni að taka lán til þess að jafna hann, ef ekki verður fundinn talsverður tekjuauki á þessu þingi.

Samkvæmt hinum nýju þingsköpum hefir fjárhagsnefndin nú tekjuhlið fjárlaganna til meðferðar. Hefir hún borið breytingartillögur sínar undir fjárveitinganefndina, og felst hún á þær fyrir sitt leyti.

Fjárveitinganefndin hefir nú athugað gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins og öll þau erindi og skjöl, bæði frá stjórnarráði, einstökum mönnum og öðrum, er komið hafa til Alþingis og varða gjaldahlið fjárlaganna, á 34 fundum. Leyfir hún sjer að gera allmargar breytingartillögur á sjerstöku þingskjali, og fer hjer á eftir nokkur greinargerð fyrir þeim.

9. gr.

Nefndinni bharust erindi frá tveimur starfsmönnum í stjórnarráðinu þess efnis, að þeir óska launahækkunar. Umsóknun þessum vill nefndin ekki sinna, með því að þetta heyri beint undir stjórnina. En hún treystir stjórninni til þess að sjá starfsmönnum stjórnarráðsins fyrir viðunandi launum og sýna þeim fulla sanngirni, enda hefir hún þar óbundnar hendur.

Hagstofustjórinn, Þorsteinn Þorsteinsson, fer fram á að launakjör hans

sjuu gerð lík og skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu, og þá fyrst og fremst, að hin fóstu laun hans verði jafnhá launum skrifstofustjóranna, og auk þess annað tveggja, að embætti hans verði gert embætti með rjetti til eftirlauna eða honum verði veitt launauppbót, sem samsvari eftirlaunarjettinum.

Þar sem nefndin álitur mann þennan framúrskarandi vel hæfan til þessa starfs, þá vill hún leggja til, að laun hans sjuu gerð jafnhá launum skrifstofustjóranna, en er mótfallin því, að hann fái frekari hlunnindi að svo komnu, enda er ráðuneytið þessu sammála.

Rjett virðist nefndinni og að hækka að nokkru aðstoðar- og skrifstofukostnað við hagstofuna, þó að hún vilji ekki verða við kröfum hagstofustjórans að öllu leyti í því efni.

Hækkunin á fimta tölulið er fyrir aukið húsrúm og eðlileg afleiðing dýrtiðarinnar.

10. gr.

Allur kostnaður við Alþingi mun verða næstu ár miklu meiri en verið hefir, og þar sem nokkrar líkur eru til, að 2 þing verði haldin á þessu fjárhags tímabili, þá vill nefndin leggja til, að sá liður hækki um helming. Laun yfirskoðunarmanna LR. vill nefndin hækka úr 1200 kr. upp í 2000. — Virðist henni að ekki sje sæmilegt að ætla þeim minni laun, þegar litið er á hið sívaxandi og vandasama starf, sem þeir eiga að inna af hendi.

11. gr.

Nefndin getur ekki fallist á, að það sje rjett að veita fje til sjerstaks eftirlits vegna bannlaganna. Það verður að teljast mjög einkennilegt nýmæli og athugasvert að ætla sjer að stofna sjerstaka löggæslu að eins vegna þessara laga, enda verður nefndin að líta svo á, að til þess að sú löggæsla kæmi því til vegar, að bannlögin yrðu nokkuð minna brotin, mundi þurfa miklu stórkostlegri fjárupphæð. Ef þess konar fjárveitingu yrði smeygt inn, þótt lítil væri í fyrstu, þá er líklegt, að hún gæti smám saman margfaldast, svo að firnum sætti, en árangurinn ekki að sama skapi.

Ef litið er á athugasemd stjórnarinnar við þennan lið, þá verður ekki heldur greinilega sjeð, á hvern hátt hún ætlast til að fje þessu verði varið. Að vísu er vikið dálítið að því í athugasemdinni. — En eftir orðalagi stjórnarinnar að dæma virðist það mjög óljóst og fyrirætlanirnar jafnvel mjög varhugaverðar. Þó að nefndin sje nú *eindregið* á móti því að stofna sjerstaka löggæslu fyrir bannlögin, þá lítur hún svo á, að ekki megi varna því, að hinir lögskipuðu lögreglustjórar geti sýnt röggsemi sína við lögregluftirlit yfirleitt. En það hefir stundum hamlað framkvæmdum lögreglustjóra við lögregluftirlit, að ef þeir hafa gert einhverjar ráðstafanir í því skyni, sem aukinn kostnað höfðu í för með sjer, þá hafa þeir ekki getað fengið þann kostnað greiddan, af því að til þeirrar greiðslu hefir vantað lagaheimild. Til þess nú að bæta úr þessu, vill nefndin hækka nokkuð fjárhæð þá, sem ætluð er til óvissra útgjalda, með þeirri athugasemd, að af þeim lið megi greiða lögreglustjórum þann kostnað, er þeir kunna að hafa við aukið lögregluftirlit.

Athugasemd, sem fer að nokkru leyti í þessa átt, er í núgildandi fjárlögum.

Sýslunefndin í Strandasýslu óskaði eftir því, að veittar yrðu 3000 krónur hvort árið til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga í Straudasýslu, með skilyrðum núgildandi fjárlaga.

Með því að mjög miklar líkur eru til, að sjerstaklega sildveiðar verði stundaðar í Strandaflóa af miklu meira kappi en verið hefir, og því hættara við brotum og spjöllum, þá telur nefndin sanngjarnt, að upphæð þessi verði veitt síðara árið. En engar líkur eru til, að hún myndi verða notuð fyrir, þó að veitt væri.

Nefndinni þótti rjett að setja inn í þessa grein áætlaðan kostnað við fasteignamat. Að vísu er heimild fyrir stjórnina í sjálfum fasteignamatslögnum til þess að greiða þennan kostnað, en nefndin verður að álíta langrjettast að setja öll þess konar útgjöld inn í fjárlögin. Gefur það Alþingi mun betra yfirlit. Enda verður að álíta, að til þess hafi verið ætlast og oftast verið venja.

Þess skal getið, að þetta er að eins laus áætlunarupphæð, því að nefndin hafði mjög lítið til þess að byggja áætlun sína á.

12. gr.

Samkvæmt tillögum frá allsherjarnefnd, út af frumvarpi um stofnun sjerstaks læknishjaraðs í Hólshreppi, leggur nefndin til, að styrkur til hreppsúanna í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu verði hækkaður upp í 500 kr. — Er það gert vegna þess, að nú er þegar sestur að lækni í Bolungavík og áriðandi fyrir hreppsúna að geta haldið honum áfram, og er því gert ráð fyrir að styrknum verði varið svo, að hann gangi beint til þess læknis. Að öðru leyti vísast til álits allsherjarnefndar á þingskjali 138.

Nefndin vill ráða deildinni til að fella niður styrkinn til hreppsúna í Kjósarhreppi. Er það af þeim ástæðum, að þótt þessi hreppur eigi erfitt með að ná til læknis, þá er fjöldi hreppa víðs vegar um land alt, sem á eins erfitt og erfiðara með þetta, og hefðu því jafnan rjett eða meiri til slíks styrks. Vill nefndin því ekki leggja út á svo hálan ís að svo komnu.

Aftur á móti vill nefndin, að Flateyjarhreppi í Þingeyjarsýslu verði veittur nokkur styrkur í þessu skyni, sjerstaklega vegna þess, að þar mun nær eingöngu um sjóferðir að ræða, en sjóferðir til að sækja lækni, sjerstaklega á vjelbátum, munu alt af verða tilfinnanlega dýrari fyrir þá, er leita þurfa læknis. —

Með því að augnlæknirinn hefir fært rök fyrir því, að hann geti ekki komist af með 300 kr. á ári í ferðakostnað, og muni því verða að hætta ferðum ef ekki fæst hærrí styrkur, þá leggur nefndin til, að þessi liður verði hækkaður, enda telur hún bráðnauðsynlegt, að ferðir þessa læknis leggist ekki niður.

Um breytingartillögu þá, er snertir Röntgens-stofnunina, er það eitt að segja, að hjer er að eins um flutning að ræða frá 14. gr. Er hún flutt samkvæmt tillögum háskólaráðs og stjórnarinnar.

Gunnlaugur Claessen, lækni, sækir um styrk til þess að setja á stofn og starfrækja ljóslækningastofu fyrir útvortis berklaveiki. Segir hann, að rekstrar-kostnaður slíkrar lækningastofu muni verða mjög mikill, að húsaleigan ein verði 900 kr. á ári og aðstoð við lækningarnar um 7—800 kr. á ári, og auk þess muni mjög mikið fara til rafmagns og upphitunar, en sjálf áhöldin muni kosta rúmar 2000 kr. og þurfa iðulegrar endurnýjunar við. —

Þar sem nefndin telur mjög áriðandi, að hægt verði að nota þessa ný-tísku lækningu við útvortis berkla, þá leggur hún til, að nefndur lækni fái 2000 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið. Þess skal getið, að Guðmundur prófessor Magnússon álítur stofnun þessa mjög nauðsynlega, og einkar heppilegt, að sami lækni stjórn henni og sá, sem veitir Röntgens-stofnuninni forstöðu.

Jón læknir Kristjánsson skýrir nefndinni frá því, að hann muni neyðast til annars tveggja að loka alveg lækningastofu sinni eða að hækka að miklum mun borgun fyrir læknishjálpinu vegna hinnar gífurlegu hækkunar á rekstrarkostnaði stofunnar. Því til sönnunar sýnir hann með sundurliðuðum reikningi, að rekstrarkostnaður lækningastofunnar verði næsta vetur um 400 kr. á mánuði. Fer hann fram á, að Alþingi veiti sjer nokkurn dýrtíðarstyrk til þess að varna áður nefndum örþrifaráðum. Nefndin álitur, að það væri mjög bagalegt fyrir almenning, ef lækningastofu þessari yrði lokað eða borgun fyrir læknishjálpinu hækkuð, svo að efnaminna fólkið geti ekki notið hennar, og telur sjálfsagt, að landssjóður hlauti undir bagga og geri mönnum auðveldara að halda starfsþreki sínu. Leggur hún því til, að Jóni Kristjánssyni verði veittar 1500 kr. hvort árið, vegna dýrtíðinnar, í því skyni og með því skilyrði, að læknishjálpin verði framvegis ekki dýrari en hún hefir verið að undanfögnu. Það skal enn tekið fram, að styrk þennan ber einungis að skoða sem dýrtíðarstyrk, vegna núverandi ástands, en alls ekki sem framtíðarstyrk.

Nefndin leggur til, að launin við holdsveikraspítalann hækki um 200 kr. á ári í því skyni, að laun forstöðukonu hækki um þá upphæð. Sækir hún um uppbót þessa, og mælir læknirinn með því að hún fái þetta, enda hefir hún verið 10 ár ráðskona spítalans.

Um Laugarnesspítalann, Geðveikrahælið á Kleppi og Víflsstaðahælið skal það tekið fram, að það er fyrirsjáanlegt, að ómögulegt muni verða að komast af með þær upphæðir, sem stjórnin leggur til að veittar verði til þessara stofnana, og virðist nefndinni alveg óskiljanlegt, hvernig stjórninni hefir getað dottið í hug að nefna svo lágar upphæðir. Þetta á auðvitað sjerstaklega við fæðiskostnað og kostnað við eldsneyti og ljósmeti. Leggur nefndin því til, að þessir liðir sjeu að miklum mun hækkaðir, en henni er það ljóst, að með núverandi verðlagi muni þessar upphæðir ekki heldur hrökkva til. En þar sem hún vonast eftir, að ástandið verði skaplegra síðar á fjárhagstímabilinu, enda upphæðir nefndarinnar miklu nær sanni heldur en stjórnarinnar, þá vill hún ekki fara frekar í sakirnar að svo komnu.

Þess skal getið, að nefndarmenn áttu tal við lækna þessara stofnana, og byggir nefndin tillögur sínar á samtali við þá, einkum um fæðiskostnaðinn.

Í samræmi við tillögur þær, sem nefndin gerði við fjárukalagafrumv., þá leggur hún til, að hækkaður verði styrkurinn til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.

Nefndin álitur, að alls ekki eigi að gera ráð fyrir því, að sjúkraskýli verði reist fyrra ár fjárhagstímabilsins. Mundi efniskostnaður verða svo gífurlegur, að byggingarkostnaður yrði fjarri öllum sanni. Ætti Alþingi alls ekki að hvetja til þess, að svo gálauslega væri farið með fje, heldur neita að leggja nokkuð til slíkra bygginga meðan svo standa sakir. Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum falli niður fyrra árið. Ekki ætlast nefndin til að þetta verði neinn sparnaður á fjárhagstímabilinu, heldur að styrkur beggja áranna komi að eins á síðara árið. Auk þess vill hún hækka styrkinn nokkuð meira en þegar er gert, með því að búast má við því tvennu, að fleiri þurfi á fjenú að halda samtímis vegna frestunarinnar, og svo hinu, að efnisverð og vinna verði ekki að fullu komið í samt lag 1919.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að hún hefir haft til meðferðar erindi frá sýslunefnd Vestur-Húnavetninga. En hún óskar 10000 kr. styrks

til þess að byggja lækniþústað og sjúkaskýli á Hvammstanga. Þessu vill nefndin ekki sinna af áður greindum ástæðum. Álitur hún varla verjandi að hraða svo stórra byggingu í þessu árferði. Út af þessu erindi vill nefndin láta þess getið, að hún álitur rjett, að landssjóður styrki framvegis byggingu læknaþústaða í sambandi við sjúkaskýli með líkum skilyrðum og sjúkrahús og sjúkaskýli hafa verið reist.

Það hefir sýnt sig undanfarin ár, að bólusetningarkostnaður hefir farið talsvert fram úr áætlun. Álitur nefndin því rjett að hækka þann lið í samræmi við þá reynslu.

Samkvæmt auglýsingu frá landlækni í Lögbirtingablaðinu 14. september 1916 ákvað stjórnarráðið, að allir barna- og unglingskólar skuli háðir eftirliti hjeraðslækna. Var það gert að styrksskilyrði fyrir þessa skóla, að umsóknum um styrkinn fylgdu vottorð hjeraðslækna. Um borgun fyrir þetta eftirlit segir svo: »Samkvæmt fyrirskipun stjórnarráðsins eiga skóla- og fræðslunefndir að sjá hjeraðslæknum fyrir borgun úr skólasjóði fyrir þetta eftirlit. Og með því að hjer er að ræða um sóttvarnarráðstöfun, þá ber hjeraðslæknum að sjálfsögðu borgun fyrir hverja þessa eftirlitsferð, sem fyrir aðrar ferðir í sóttvarnarskyni, en engin sjerstök borgun fyrir skoðanir og vottorð«.

Nú er það augljóst, að kostnaður við ferðir lækna til eftirlits þessa er mjög mismunandi, og í fræðsluhjeruðum þeim, sem liggja langt frá lækni-setrum, verður hann afarmikill, ekki sist þar, sem lækni-ferðir eru erfiðar á vetrum. — Víða verður lækni-rinn að fara oftár en einu sinni á vetri á hvern stað, ef skóla-fyrirkomulagið er þannig, að börnunum er skift niður sínum flokknúm á hvern tíma. Þessi ráðstöfun hefir því orðið afar þungbær skattur á sumum fræðsluhjeruðum og mjög ranglátur, eftir því sem nefndin lítur á málið. Virðist nefndinni auðsætt, að allur kostnaður við ferðir lækna í þessum erindum verði greiddur úr landssjóði. Verður þetta að skoðast svo alvarlegt alþjóðarheilbrigðismál, að lands-sjóði sje skylt að bera allan þann kostnað, enda hafi landsstjórn og landlækni-r yfirumsjón með þeim málum. Leggur nefndin því til, að nýjum lið verði bætt inn í fjárlögin til þessara útgjalda, en það skal tekið fram, að upphæðin er einungis lausleg áætlunarupphæð.

Í áður nefndri auglýsingu er þannig að orði komist, að með því að þetta sje sóttvarnarráðstöfun, þá beri læknum engin sjerstök borgun fyrir skoðun og vottorð.

Nefndin getur ekki fallist á, að þetta sje sóttvarnarráðstöfun í venjulegum skilningi, enda ranglát að skipa læknum að skoða fjölda manna endurgjaldslaust. Álitur nefndin því sjálfsagt, að lækni-rnir fái venjulegt skoðunargjald fyrir skóla-fólkið, eða eftir samningi við fræðslunefndir. Finst nefndinni eðlilegast, að fræðslu-nefndir sjái læknum fyrir þessari borgun, en innheimti síðan gjaldið aftur hjá skólafólkinu, ef þeim sýnist svo. Er þetta í nokkru samræmi við það, að allir aðrir skólar heimta nú orðið sem inntökuskilyrði heilbrigðisvottorð af hverjum nemanda, er þeir sjálfir verða að borga.

Nefndin álitur mikla nauðsyn bera til þess, að hjeraðslækni-r afli sjer nýrrar lækni-þekkingar með utanferðum, og telur eðlilegt, að Alþingi styrki þær ferðir nokkru riflegar en verið hefir. Er æskilegt, að fleiri en einn geti notið styrksins sama árið, og svo eru einnig þessar ferðir og veran erlendis orðin dýrari og verður dýrari en verið hefir. Tillaga nefndarinnar er í samræmi við tillögu

landlæknis til stjórnarinnar, en auk þess telur nefndin einnig rjett að hækka mánaðarstyrkinn af þeirri ástæðu, sem áður er greind.

Guðmundur Thoroddsen, læknir, sækir um styrk í 2 ár, 2000 kr. á ári, til þess að leggja stund á skurðlækningar erlendis. Nefndin telur mjög æskilegt, að altaf sjeu til hjer á landi sæmilega margir lærðir og æðir skurðlæknar, og þar sem hún veit, að Guðmundur Thoroddsen er mjög efnilegur í þeirri grein og áhugasamur, þá vill nefndin leggja til, að honum sje veittur þessi styrkur, enda hefir hann hin bestu meðmæli. Þess skal getið, að hann lýsir yfir því í erindi sínu, að hann muni strax hverfa heim aftur til Íslands, er hann hefir lokið námi, og setjast hjer að.

Það hefir áður tíðkast, að Alþingi hefir veitt konum styrk til hjúkrunar-náms erlendis. Ein slík styrkbeiðni lá fyrir nefndinni, og með því að nefndin á-lítur mikið í varið, að lærðum hjúkrunarkonum fjölgi hjer á landi, þá vill hún sinna þessari beiðni að nokkru, og leggur til að styrkur sje veittur síðara árið. Þykir nefndinni meiri trygging fyrir því, að stúlkan ljúki námi sínu til fulls, ef hún fær styrkinn síðara árið, með því að það verður síðasta námsár hennar, eftir því sem hún skýrir frá.

Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík ber sig upp undan því, að stjórnin tjái sig ekki hafa heimild til, samkvæmt lögum um sjúkrasamlög, að greiða sam-laginu styrk úr landssjóði. Sjúkrasamlag þetta, sem er hið elsta sjúkrasamlag á Íslandi, mun koma að eins miklum notum á sinu sviði eins og venjuleg sjúkra-samlög, og telur nefndin því sjálfsagt, að það fái styrk á borð við þau. Mælir stjórnin og með þessu.

Nefndinni þykir ekki rjett að rígskorða styrkinn til sjúklinga með hör-undsberkla við það, að sjúklingarnir greiði, hvernig sem á stendur, þriðjung kostnaðar. Þar sem ómögulegt er að fá hjer á landi lækning við þessum sjúk-dómi, þá virðist henni ekki rjett, að efnalittir sjúklingar greiði svona mikinn hluta kostnaðarins. Út af þessu vill hún breyta aths. við þennan lið.

13. gr. A.

Um breytingartillögur nefndarinnar við þennan kafla greinarinnar er það yfirleitt að segja, að hún hefir viljað fara sem allra mest eftir tillögum póstmest-ara. Er það alkunna, að hann er mjög spar og hagsýnn á landsfje, og því síður ástæða til að draga úr því, sem hann álitur nauðsynlegt að veitt sje.

Póststörfin hjer á landi eru yfirleitt mjög lágt launuð, en störfin fara sívaxandi, og er því við að búast, að launin verði nokkuð að hækka.

Fyrsta breytingartillagan við þennan greinarlið er alveg samkvæmt til-lögum póstmestara, og miðar að því að hækka laun póstaþgreiðslumannanna í Reykjavík. Álitur nefndin sjálfsagt að beita fullri sanngirni við þá menn, ekki síst þar sem þeir hafa gegnt þessum starfa lengi, og því áriðandi að þeir neyð-ist ekki til að hröklast í burtu vegna ónógra launa. En pósthúsið hefir að lík-indum þegar fengið að kenna á því að missa af góðum starfskröftum fyrir þessa orsök, og er það illa farið.

Önnur breytingartillagan miðar til þess að hækka laun póstaþgreiðslu-mannanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Hafa þessir póstaþgreiðslumenn mikið starf og mikla peningaábyrgð. Þarf því að gera sæmilega við þá.

Annars er ekki annað um hinar breytingartillögurnar við þennan kafla 13. greinar að segja en þegar er sagt, að þar hefir nefndin hallast meira að tillögum póstmeistara en stjórnarinnar.

13. gr. B (vegabætur).

Nefndin var á einu máli um það, að fjárveitingar til vegagerða mætti nú alls ekki spara. Er það fyrst og fremst af þeim ástæðum, að búast má við, að landið þurfi að veita fleiri mönnum atvinnu á næstu árum en verið hefir, en vegi þessa alla á hvort sem er að gera í mjög náinni framtíð. Fleiri ástæður eru líka fyrir þessu, svo sem sú, að á yfirstandandi fjárhagstímabili var mjög mikið dregið úr fjárveitingum til vegagerða. Ef þessu færi fram hvert fjárhagstímabilið eftir annað, mundi það seinka um of öllum vegagerðum á landinu og raska öllum fyrirætlunum, sem gerðar hafa verið í því efni fyrir framtíðina. Þá má ekki gera lítið úr því, að þó að erfitt sje um framkvæmdir ýmsra fyrirtækja á landinu, vegna gifurlegs efniskostnaðar, þá nær það ekki til hinna eiginlegu vegagerða. Þar má heita enginn efniskostnaður, að eins vinnulaun, og rennur fjeð því í vasa landsmanna sjálfra. Öðru máli er að gegna um brýrnar. Þar má búast við að efni verði svo dýrt, að ekki verði viturlegt að ráðast í stærri brúarbyggingar af þeim ástæðum. Þess vegna leggur nefndin til, að leyft sje að fresta og færa til milli ára þau mannvirki, en þó svo færi, að ókleift virtist að byggja brýrnar, þá ætlast nefndin ekki til, að landssjóði sparist beinlínis fje á því, heldur að brúafjenu sje þá varið til vegagerða, eftir tillögum verkfræðings, eða til annara þjóðnýtra fyrirtækja, er stjórnin kann að ráðast í til atvinnubóta. Mundi þá hægra síðar, ef svo sýndist, að taka fleiri brýr í einu á kostnað vegagerðanna að sama skapi. — Vill nefndin alls ekki, að þessu fje verði varið til annara útgjalda, nema einhverja mjög brýna nauðsyn beri til. Álitur hún þá eina ástæðu ekki nægja, að tekjur landssjóðs hrökkvi ekki til, ef hægt er að fá fje á annan hátt en að taka til þessara fjárveitinga.

Nefndin kom sjer saman um það að leggja til, að yfirverkfræðingar landsins, er hafa yfirumsjón með vegamálum og vitamálum, verði framvegis nefndir vegamálastjóri og vitamálastjóri. Fleiri menn geta verið og verða verkfræðingar landsins, en þessir menn hafa stjórn og forsjá málanna auk verkfræðistarfsins.

Nefndin vill hækka ferðakostnað vegamálastjórans, í fyrsta lagi af því, að nú er orðið dýrara að ferðast en áður, og í öðru lagi vegna þess, að hún vill heldur hvetja en letja þess, að hann ferðist eftir því sem þörf krefur.

Verkfræðingur landsins skýrði nefndinni frá því, að það væri nauðsynlegt að taka á skrifstofuna mann til þess að annast ýms skrifstofustörf, sem enga verkfræðipækkingu þyrfti til; væri þetta búmannlegra en binda við þau störf dýrari mennina, sjálfa verkfræðingana, og tefja þá frá nauðsynlegum störfum, enda verða þeir nú ekki nema tveir. Þetta fellst nefndin á, og vill því hækka fje til skrifstofuhalds.

Nefndin leggur til að feld sje burt fjárveitingin til Skagfirðingabrautar fyrra árið, í notum þess, að það ár er gert ráð fyrir að bygd verði brúin yfir austurós Hjeraðsvatna. Er tillagan ekki einungis fram borin af sparnaðarástæðum, heldur af hinu fremur, að ólíklegt þykir að hægt verði að fá svo mikinn mannafla í því hjerði í einu, að hægt verði að framkvæma bæði verkin á sama sumri. Er þetta samkvæmt áliti landsverkfræðings.

Kvartanir höfðu stjórnarráðinu borist frá nokkrum sýslufjelögum, sem þegar hafa tekið við flutningabrautum til viðhalds, yfir því, hve óbærilegur viðhaldskostnaðurinn væri sýslufjelögunum. Hafði nefndin skjöl þessi til meðferðar. Sýslufjelög þessi óska þess, að landssjóður leggi fram nokkurt fje til viðhaldsins. Nefndin játar það, að þau sýslufjelög, sem tekið hafa við elstu brautunum, verði fyrir nokkrum ójöfnuði, borin saman við þau, sem fá nýjustu brautirnar, af þeim ástæðum, að sumar þær nýju eru belur úr garði gerðar í fyrstu. Er það einkum það atriði, að trjebryr eru yfir skurði og læki á eldri brautunum, í stað steinhlemma. Álitur nefndin því sanngjarnt, að þetta sje bætt upp, og jafnóðum og trjebryrnar bila, eða eftir því sem föng eru á, þá verði gerðar steinbryr í stað hinna, á kostnað landssjóðs. Lengra vill hún ekki ganga að svo komnu.

Viðhald flutningabrauta hlýtur nú að kosta meira en að undanfögnu vegna kauphækkunar, og væri það eitt því næg ástæða til að hækka þann lið. En auk þess er áriðandi, að viðhaldið sje í góðu lagi, því að slíkt mun margborga sig í framtíðinni. En vafasamt, hvort áður hefir verið nægilegt fje veitt til þess.

Er því full ástæða til að spara aldrei fje við þann útgjaldalið. Vill nefndin leggja áherslu á þetta.

Eftir tillögum verkfræðings landsins vill nefndin að hækkaðir sjeu nokkrir liðir í frumvarpinu, sem ætlaðir eru til þjóðvega. Er það af þeim ástæðum, að þegar á annað borð er veitt svo mikið fje til vegagerða á einhverjum kafla, að ekki er hægt að vinna fyrir sjeð með vorvinnu einni, þá mun drýgst að hafa upphæðirnar svo háar, að þær endist til fullkominnar sumarvinnu, því að aukinn kostnað hlýtur það að hafa í för með sjer að flytja á sumrum verkfæri og menn milli fjarlæggra hjeraða.

Þótt ilt sje útlit á því, að mögulegt verði á næsta fjárhagstímabili að byggja nokkrar stórbrýr, þá þykir nefndinni þó rjett að láta Eyjafjarðarbrúna standa. En auk þess, sem að framan er sagt um brúabyggingar yfirleitt, þá vill hún taka það fram, að hún ætlast til, að þessi brú verði því að eins byggð, án nýrrar heimildar frá Alþingi, að ekki sjeu líkindi til, að hún fari fram úr þeirri áætlun, sem fjárhæðirnar í frumvarpinu eru byggðar á.

Á undanförunum þingum hefir nokkur reipdráttur verið milli manna um Eyjafjarðarbrúna og Jökulsárbrúna. Nefndinni blandast ekki hugur um, að mikil þörf er á að brúa báðar þessar ár, og þykir því rjett að þær fylgist nokkuð að, eða að minsta kosti að hver taki við af annari. Mikinn undirbúning mun þurfa áður en byrjað er á sjálfu brúarsmiðinu, og vill nefndin því mæla með, að fje sje varið síðara árið til undirbúnings undir smíði Jökulsárbrúarinnar. Er þetta í samræmi við álit landsverkfræðings.

Á yfirstandandi fjárhagstímabili er ekkert fje veitt til þjóðvegarins um Krossárdal, en áður hefir dálítið fje verið veitt til hans. Vegarkaffi sá, sem þegar er lagður, kemur að litlum notum af því að hann endar á slæmum stað. Vill nefndin því mæla með, að til þessa vegar sje veitt nokkurt fje bæði árin.

Til þess að brúin á Ljá í Dölum komi að fullum notum fyrir þá, sem sækja eiga yfir ána verslun til Búðardals, er nauðsynlegt að gera vegarkaffla frá brúnni ofan í kaupúnið. Vill nefndin því mæla með, að fje sje veitt til þessa vegar fyrra árið.

Tillagan um að hækka fjárveitinguna til viðhalds þjóðvega er byggð á sömu rökum og til voru færð um viðhald flutningabrauta. Vegurinn um Almanna-

skarð er talsvert fjölfarin leið, en verður oft á vetrum nærfelt ófær, eða mjög hættuleg vegna harðfennis. En kunnugir menn og fyrirv. landsverkfræðingur álíta, að ef til vill mætti með litlum tilkostnaði gera þar vegabót, sem að gagni kæmi á vetrum. Þar sem vegur þessi er þjóðvegur, álitur nefndin rjett, að reynt sje að bæta hann. En með því að málið er ekki nægilega rannsakað, þá ætlast hún til þess, að fjeð verði ekki lagt fram, nema landsverkfræðingurinn rannsaki til fulls, hvort lítil fjárhæð gæti gert nokkurt gagn til frambúðar.

Í samráði við verkfræðing landsins vill nefndin hækka fje til fjallvega, og vill geta þess, að hún ætlast til, að af því fje verði notaðar 1000 kr. hvort árið til fjallvegarins milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu um Kolugafjall og auk þess fyrra árið 500 kr. til vörðuhleðslu og ruðnings á Trjekyllisheiði, og 200 kr. til vörðuhleðslu á Ófeigsfjarðarheiði.

Hreppsnefnd Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu sótti 1915 um 350 kr. til að gera trjebryr á svo nefndar Dynjandaár. Ár þessar eru að vísu á hreppavegi og aukapóstleið, en yfir þær liggur og leiðin, er farið er yfir Dynjandaheiði, sem er fjallvegur milli Vestur-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu.

Fjarlaganefndin 1915 gat eigi komist að niðurstöðu um, hvar slíka fjárveitingu skyldi setja, ef veitt væri, en landsverkfræðingur hefir lagt til, að fjárveitingin yrði sett í samband við fjallvegafje. Nú hefir þingmaður kjördæmisins farið af nýju fram á þessa fjárveitingu. Nefndin telur sanngjarnt að verða við þessari fjárbeiðni, en vill eigi veita fje til trjebúá. Kýs hún heldur að hækka fjárveitinguna upp í 600 kr. og setja það skilyrði, að brýrnar sjeu byggðar úr steinsteypu.

Tillagan um að hækka fjárveitinguna til akfærra sýsluvega byggist að mestu á kauphækkun, því að ekki vill nefndin, að neinn afturkippur komi í þær vegagerðir.

Borgfirðingar fara fram á að fá styrk til þess að byggja brú yfir Hvitá hjá Ferjukoti og gera vegarkafli frá henni yfir á þjóðveginn og flutningabrautina. Fara þeir fram á að fá $\frac{2}{3}$ hluta alls kostnaðar við þessi mannvirki, en eftir áætlun á brúin að kosta 50 þúsundir og vegarkafllarnir 40 þúsundir. Nefndin vill ekki, eins og nú standa sakir, veita fje til þessarar stórbrúar, en þess vill hún láta getið, að hún telur sjálfsgagt, að landssjóður styrki þessa vegakafli á sama hátt og aðra akfæra sýsluvegi, og álitur sanngjarnt, að landssjóður styrki sjálfa brúarbygginguna á sínum tíma, þann veg, að hann leggi fram alt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar, þegar litið er á, hve dýr brúin verður og fjárframlagið frá sýslunum mikið.

13. gr. C.

Samgöngumálanefndin hefir haft þennan kafli til meðferðar og sýnt fjárveitinganefndinni breytingartillögur sínar við hann. Að því leyti, sem fjárveitinganefndin getur ekki fallist á þessar tillögur, mun verða gerð grein fyrir því í fram-sögu og sjerstökum breytingartillögum.

13. gr. D. (Simar).

Fjárhæðin til rannsókna símaleiða og fl. hefir, eftir því sem landssíma-stjórinn skýrir frá, aldrei verið notuð í því skyni, heldur hafa rannsóknir símaleiða verið kostaðar af fje því, sem ætlað er til ferðakostnaðar. Aftur á móti hefir þessi upphæð jafnan verið notuð til viðauka við smærri símakerfi og til smá-efniskaupa. Vill nefndin því nefna þennan lið sínu rjetta nafni, og leggur til,

að hann verði hækkaður síðara árið, með því að líklegra er. að þá þurfi meir til þess að taka.

Athugasemdinni við lagningu nýrra lína er lagt til að verði breytt í samræmi við 13. gr. B. Ætlast nefndin til, að þetta verði ekki gert að eyðslufje, nema brýn nauðsyn krefji, þótt ókleift verði að leggja nýjar línur vegna þess, að efni verði ófáanlegt eða óhæfilega dýrt.

Nefndin vill breyta nafninu á sjötta tölulið D. IV., svo að á því sjáist, hvaða starf manningnum er ætlað. Vill nefndin taka það fram, að hún gerir ráð fyrir því, að þessi maður hafi *nákvæmt* eftirlit með öllu efni landssimanna um land alt, og sjái um, að það eyðileggist ekki nje liggi undir skemdum.

13. gr. E. (Vitamá).

Nefndin álitur sanngjarnt að hækka nokkuð laun núverandi aðstoðarmanns. Eykst starf hans sífellt, enda er honum gert að skyldu að veita einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningu um rafmagnsveitur til heimanóta. Er þá ekki hægt að búast við, að honum vinnist tími til að vinna sjer nokkuð inn aukreitis.

Skrifstofukostnað vill nefndin hækka af þeim ástæðum, að alt, sem þar að lýtur, hefir hækkað mjög, enda er í þessu innifalin borgun til skrifara.

14. gr.

Lækkun á launafólgu háskólans stafar af því, sem hjer segir. Sigurður háskólakennari Sivertsen hafði 400 króna nafnbundinn launaauka meðan hann var »dósent«. Nefndin leit svo á, að þessi upphæð ætti að falla, þegar hann varð »prófessor«. Þó kunni nefndin því ekki, að láta hann lækka í launum er hann hækkaði í sessi, og kaus meðalveginn, að ætla honum 3200 kr. í laun.

Nefndin kunni því betur, að báðir liðirnir, sem snerta Alexander dr. Jóhannesson, stæði saman.

Fjárveitinguna til starfrækslu Röntgensáhalda flutti nefndin, og er því lagt til að fella hann á þessum stað.

Nefndin vill eigi hækka kaup fimleikakennarans, heldur veita Ólafi Rósenkranz nafnbundinn kaupauka, og mun það sist ófyrirsynju nje ofmikil viðurkenning.

Þorkell kennari Þorkelsson gaf út kenlubók í talnafræði, að ósk skólastjóra, en var synjað um styrk þann, er nefndin telur hann eiga heimting á. Því er nú lagt til að veita hann.

Nefndin leggur til að veita leikfímikennara kennaraskólans, Birni Jakobssyni, 1700 kr. í föst laun. Vill hún með því sjá um, að skólinn missi eigi af ágætum manni, og kenst í þessari grein verði svo fullkomin, að ekki þurfi menn að jafni að leita frekara náms erlendis til að geta kent þessa grein, svo að í lagi sje. En fari svo, að skólar verði eigi haldnir í vetur, ætlast nefndin til, að haldið sje gamla laginu og svo áfram meðan því gengur. En er þar kemur, að hann verði fastur kennari með fyr töldum 1700 kr. launum, þá ætlast nefndin til, að fjárveitingin til tímakenslu lækki um tímakenslulaun hans. Einnig ætlast hún til, að einkafjárveitingin til Björns, til að veita utanbæjarpiltum ókeypis til-sögn, svo að þeir verði færir um að kenna leikfími, falli niður er hann tekur við þessari stöðu.

Nefndinni þótti eigi bera brýna nauðsyn til að lagfæra lóð kennaraskólans nú, er öll vinna er orðin svo dýr sem raun er á orðin.

Nefndinni þótti eigi vera nógu tryggilega um það búið, að styrkur til verklegs náms í bændaskólunum kæmi rjett niður, og vildi því gera athugasemdina nokkru fyllri.

Nefndinni þótti eigi rjett að styrkurinn til kvöldskólahalds fyrir iðnnema væri hafður til annara, og breytti því athugasemdinni við þá liði.

Yfirsetukonur í Reykjavík höfðu kvartað undan langt oflágum launum fyrir verklega kenslu yfirsetukvennaefna. Nefndin varð því samþykk að hækka þá borgun.

Nefndin vill ekkert fje veita til þess að reisa skólahús, meðan húsagerð er svo afardýr sem nú er, og ráðist nokkrir í slíka húsagerð, þá mega þeir eigi vænta neins styrks eftir á. Eitt skólahús er þegar reist, og gerði nefndin þar undantekning sakir þess, að oflangt var nú komið til þess, að snúið yrði aftur.

15. gr.

Nefndin taldi rjettara, að starfsmaður sá, sem hjer ræðir um, tæki laun sin beint úr landssjóði, sakir þess, að það er hverjum manni hallkvæmara. Hjer ekki breytt upphæðum og eigi fest veitingin nje þessi fúlga gerð að föstum launum, því að fjárveitingin hlýtur að falla, þegar unnið er verkið. Sú er og tilællun nefndarinnar.

Til aðstoðar á lestrarsal landsbókasafnsins eru veittar 1000 kr., og er það greitt fyrir starf 10 mánuði ársins. En með því að það er alt oflág kaup fyrir svo langan starfstíma (er verður þá aðalstarf mannsins), og á hinn bóginn ekki brýn þörf á aðstoð á lestrarsal nema vetrarmánuðina (okt.—apríl), hefir nefndin lagt til að bæta við athugasemdinni um, að starf þetta sje um 7 mánuði. Kaupið er óbreytt.

Nefndin er samþykk bókaverði um það, að mjög vel eigi við að hefja útgáfu handritaskrárinnar í minning þess, að safnið hefir á næsta ári staðið 100 ár. En sakir dýrleika treystist nefndin eigi að veita fje til heils bindis, heldur að eins til 1. heftis. En þótt nú sje erfitt um útgáfur bóka, þótti nefndinni þó eigi annað hlýða en að út væri gefið minningarrit safnsins á 100 ára afmæli þess, og leggur því til, að veitt sje fje til þessa.

Laun aðstoðarskjalavarðar vill nefndin lækka úr því, sem er í frumv. stjórnarinnar. Vill hún eigi verðleggja starf þetta hærra að sinni. En eigi vill hún þó, að sá maður missi neins í, er nú gegnir starfinu, og hækkar því styrkinn til hans í 15. gr. 24. um sömu upphæð, og sýnir með því, að hún virðir vísindamensku hans.

Nefndin telur rjettara að skifta 2. c. svo sem til er tekið í breytingartillögum hennar.

Aðstoðarmenn við sýning Þjóðmenjasafnsins báru sig upp við nefndina undan lágum launum, og er fjárveitingin hækkuð í því skyni. Þær 250 kr., sem stjórnin hefir ætlað til umsjónar við listasafn Einars Jónssonar, fara og til kaupgjalds þessa, því að nú er engi von þess, að húsið verði svo fljótt reist og flutt listaverkin, að þeirrar umsjónar verði þörf á þessu tímabili.

Fjárveiting til kaupstaðabókasafna vill nefndin hækka um 1000 kr. síðara árið, því að hún telur lítil líkindi til, að mikið verði keypt af bókum fyrra

árið, en vill þó taka tillit til umsókna þeirra um aukning styrksins, sem komið hafa fram bæði af Akureyri og úr öðrum stöðum.

Sakir mikils verðauka á pappír og prenti taldi nefndin rjett að hækka styrk til hvernar arkar í útgáfum Sögufjelagsins.

Nefndinni þótti stjórnin hafa numið styrk til skálda og listamanna um of við neglur sjer, því að með þeirri upphæð var gersamlega ófært að taka nokkurt hæfilegt tillit til margra nýrra umsókna frá ágætum mönnum, bæði þektum skáldum og efnilegum listamönnum. Telur nefndin óheppilegt að höggva styrkina alt of smátt. Því leggur hún til nokkra hækkun á þessum lið.

Sakir heimsstyrjaldarinnar hefir það orðið miklu dýrara en við var búist að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar. En hin mesta nauðsyn er á því, að húsið komist sem fyrst upp. Leggur nefndin því til, að veittar verði í þessu skyni 40000 kr. Fje þessu skal öllu verja til húsgerðarinnar, en ekki til endurgreiðslu á fje, sem aðrir hafa lagt í fyrirtækið.

Um styrkveitinguna til Sigfúsar Blöndals skal vísað til nefndarálits um fjáráaukalög fyrir árin 1916 og 1917.

Í 24. lið vill nefndin setja þær 400 kr., sem fyr getur, að hún vill draga af launum aðstoðarskjalavarðar.

Nefndinni barst málaleitun frá þjargráðanefnd um fjárveiting til rannsóknar á þörungum til manneldis og skepnufóðurs, og tilmæli um að fela þá rannsókn dr. Helga Jónssyni. Nefndin fjellst á þetta og leitaði samkomulags um það við Helga. Leggur hún því til, að styrkur til hans sje hækkaður upp í 3000 kr. á ári, en hann taki að sjer þá rannsókn, er getur hjer að framan. Vera má nú, að hann þurfi að takast ferðir á hendur í þessu skyni, þurfi að njóta aðstoðar efnafræðings til efnagreiningar og hafa ýmsan annan kostnað. Óbilgjarnt væri að heimta, að hann legði sjálfur fram þann kostnað, en hins vegar ómáttugt að gera nokkra áætlun um hann. Þess vegna leggur nefndin til, að hann verði að þessu sinni greiddur af því fje, sem veitt er til óvissra útgjalda.

Sakir áhuga dr. Helga Pjeturssonar á vísindum, og sakir þess, hvern veg vikur högum hans að öðru leyti, þótti nefndinni nauðsyn á að hækka styrkinn til hans. Taldi hún eigi við hlítanda minna en 2500 kr., ef hann ætti að njóta krafta sinna að nokkru.

Páll Þorkelsson, gullsmiður, er svo sem kunnugt er fræðimaður mikill. Hann hefir nú safnað mjög miklu af málsháttum og samið skýringar við þá. Með því að nefndin dáist að áhuga og elju þessa manns, og telur sófnun máls-háttanna mikils virði, þá vill hún að einhverju styrkja hann til þessa verks. Því leggur hún til að honum sjeu veittar þessar 800 kr. fyrra árið.

Finnur Jónsson á Kjörseyri er nú mjög hniginn að aldri, en fræðimaður mikill, og leggur nefndin því til, að Alþingi sjái það við hann, þótt í litlu sje.

Annar fræðimaður, Sigfús Sigfússon frá Eyvindará á Austurlandi, hefir dregið saman afarmikið safn af þjóðsögnum og öðrum þjóðlegum fræðum, í mörgum bindum, er verða munu eign landsins. En maðurinn er nú við aldur og tekinn að hrörna. Megnar hann því eigi styrklaust að fullgera safn sitt. Fyrir því leggur nefndin til að honum sje veittur lítills háttar styrkur.

Tillaga nefndarinnar um að fella 33. lið er eigi annað en flutningur, sem fyr segir.

Guðjón Samúelsson hefir eigi enn þá notað styrk þann, er honum var

veittur í síðustu fjárlögum til þess að nema húsgerðarlist erlendis, því að hann hefir verið hjer heima þessi misseri og unnið að húsagerð. En nú hefir hann sótt um endurveiting. Leggur nefndin til, að honum sje veittar 800 kr. fyrra árið. — Annar maður er nú í Kaupmannahöfn við sama nám, og er sá skemra á leið kominn. Honum vill nefndin veita 800 kr. síðara árið.

Helgi Eiríksson stundar námaverkfræði á Englandi, en þar er nú afar dýrt að vera. Sakir þess, að oss er nú mikil þörf á slíkum mönnum, en Helgi fátækur efnismaður, leggur nefndin til að veita honum óvanalega háan námsstyrk, og mun þó eigi vera helmingur þess, er hann þarf.

Jón háskólakennari Jónsson sækir um 5000 kr. styrk til þess að fara utan og rannsaka bóka- og skjalasöfn og leita þeirra hluta, er snerta verslunarsögu vora. Er honum það hin mesta nauðsyn, ef hann á eigi að hætta við hálfunnið verk. Nefndin telur þetta svo mikils virði, að hún leggur til að veita honum fjeð. En upphæðin er svo mikil sakir þess, að hann verður að kaupa sjer aðstoð til þess að afrita þær heimildir, sem hann finnur.

Bókmentir vorar á tímanum 1500—1800 eru lítt rannsakaðar. En Páll Eggert Ólason er allra manna fróðastur um þá hluti. Nefndin vill því veita honum 800 kr. styrk á ári til þeirra rannsókna, er hjer ræðir um.

Um 37. lið er það að segja, að nefndinni hefir komið til eyrna, að landmælingamennirnir dönsku ætli sjer að minka mælikvarðann á uppdrættinum, er þeir hafa verið að gera af landinu. Hún skorar því á stjórnina að sjá um, að svo verði eigi gert, og vill binda fjárveitinguna því skilyrði.

Alþýðufræðsla stúdentafjelagsins hefir borið góðan árangur, og vill nefndin hækka styrkinn til hennar, því að nú munu menn eigi fást til þess að halda fyrirlestrana fyrir sama kaup sem áður.

Hið íslenska kennarafjelag sækir um styrk til alþýðufræðslu um uppeldismál. Nefndin telur þetta hið mesta nytsemdarverk, ef vel tekst, og leggur því til, að lítils háttar styrkur verði veittur í þessu skyni.

Að meðtöldum styrk til Guðmundar Hjaltasonar eru þá veittar tvær þúsundir króna og 300 betur til alþýðufræðslu með fyrirlestrum, og mun ekkert kenslufje annað hafa meiri árangur.

Nefndin leggur til, að feldur sje styrkurinn til stórstúkunnar, því að henni er eigi ljóst, til hvers þeim styrk skal verja, einkum nú, er aðflutningsbann er komið á í landinu.

Kunnugt mun mönnum, að ungir menn hafa komið á stúdentasambandi um öll Norðurlönd. Telja þeir Ísland þar til, og er nú ein deild hjer í Reykjavík. Hún þarf að senda fulltrúa sína utan, til þess að sækja þar fundi, og sækir um styrk til þess. Þessi deild hjer í Reykjavík hefir reynt með ýmsu móti að halda uppi heiðri Íslands til jafns við hin löndin, og meðal annars krafist þess og fengið því framgengt, að íslenski fáninn sje þar jafnrjetthár á stúdentamótinu og fánar hinna þjóðanna. Nefndin leggur til, að þessi styrkur verði veittur.

Þá vill nefndin hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands. Telur hún það fjelag hafa mikið þjóðnytjastarf með höndum. Langt er enn þangað til vjer höfum náð forfeðrum vorum eða Forngríkkjum í uppeldislist til styrktar líkam- anum og fegrunar og til heilsubótar. Mun því eigi um skör fram, þótt Alþingi hlynni að sambandinu.

16. gr.

Nefndin fellst á hækkun stjórnarinnar á styrknum til Búnaðarfelags Íslands, og telur hann þó enn helst til lágan. Því að ekkert er nauðsynlegra en umbætur á þeim atvinnuvegi landsins, sem flestir lifa á, og er tryggari en allir aðrir atvinnuvegir, sem er lífakkeri þjóðarinnar og heldur, þegar alt um þrýtur. En auk höfuðfjárveitingarinnar leggur nefndin til, að því sjeu veittar tvær aðrar upphæðir, sem eru að visu smáar, en má þó eigi taka af höfuðfúlgunni. Hin fyrri er 2000 kr. hvort árið til undirbúnings húsmæðraskóla. Er hugsunin sú, að þessu fje verði að mestu varið til þess að styrkja væntanlegar forstöðukonur til náms erlendis, svo að þær verði vel færar um að veita skólanum forstöðu. Hin síðari er 4500 krónur til þess að bæta að nokkru þjónustumönnum sínum og sambandanna verðfall á gjaldeyri þeim, sem þeim er goldið í. Taldi nefndin ósöma fyrir fjelagið að bæta þeim ekki hallann. Samskonar tillögu gerir hún og um Fiskifjelagið af sömu ástæðum.

Miklar áskoranir koma fram í þingmálafundargerðum um það að láta styrkinn til búnaðarfelaga haldast eða aukast. En stjórnin hefir lagt til, að styrkur þessi sje að eins veittur síðara árið. Þetta virðist nefndinni ástæðulaust, og sje annað tveggja að fella styrkinn til fulls eða veita hann árlega. Varð nefndin samþykk um hið síðara. En hún fellst eindregið á þær skoðanir fjölda kjósenda víðs vegar um landið og búnaðarþingsins, að ótækt sje að hluta þennan styrk niður, svo sem verði hefir hjá búnaðarfelögunum, að honum hefir verið skift út eftir dagsverkatölu, til ríkra sem fátækra, og þá auðvitað lent miklum mun meira hjá þeim fyr töldu, sem ástæður höfðu til að koma meiru í verk.

Eigið gagn ætti nú orðið að vera flestum nóg hvöt til þess að gera almennar jarðabætur, svo sem þúfnasljettur og engjabætur. Þetta ætti því ekki lengur að verðlauna alment heldur að eins þar, sem gert er mikið af veikum efnum og til *sjerstakrar* fyrirmyndar. Aftur á móti eru það ýmsar nytsamar nýngar, sem nefndin leggur áherslu á, að hvatt sje til með styrkjum eða verðlaunum, svo sem nýstárleg jarðyrkjuáhöld og heyskapar, sem ljetta og flýta vinnu til stórhagnaðar alment, súrheysverkun og áburðarhirðing, sem reynist til verulegrar eftirbreytni, og enn fleira. Loks vill nefndin benda á samtök manna til framkvæmda, sem væru ofvaxin einstaklingunum, svo sem til að nota góð hestaverkfæri (plóg og herfi) til túna- og engja-bóta, sem búnaðarfelögin hafa sum stutt að og eiga að styðja að, þar sem svo hagar til. Ætlast nefndin til, að svo verði með þetta fje farið framvegis.

Þriðja lið leggur nefndin til að fella, sakir þess, að nú verður fjeð veitt með sjerstököm lögum, og því þarflaust að veita fje til hins sama í fjárlögum.

Að tillögum vegamálastjóra leggur nefndin til, að keypt verði skurðgrafa. Við hinar miklu vatnsveitur er óumflýjanlegt að hafa hana, því að þar er þörf svo breiðra og djúpra skurða, að handafl verður langsamlega ofdýrt sakir tímaeyðslu. Ætlast nefndin sem og vegamálastjóri til, að hún verði síðar leigð þeim, er hennar þurfa, og mun hún því borga sig með tímanum beinlínis, auk hins mikla hagnaðar leigjandans.

Þá leggur nefndin til, að veitt verði til vatnsáveitu á Skeiðin í líkingu við það, sem veitt er með sjerstököm lögum til Flóaáveitunnar. Lauk nefndin lofsorði á dugnað og framtakssemi þeirra Skeiðamanna, en gerði þeim þó að skilyrði að halda við sandgræðslugirðingum þeim, sem eru áveitunni nauðsynlegar.

Um sandgræðslustyrkinn vill nefndin láta þess getið, að hún vill að þeir gangi fyrir, sem hafa lagt fram eða leggja fram helming kostnaðar eða meira.

Nefndin kemur eigi fram með neinar breytingartillögur viðvikjandi skóggræðslunni. En hún hefir eigi að síður athugað mál þetta talsvert, og kynt sjer framkvæmdirnar eftir fõngum, og þó einkum reikninga skógræktarstjóra fyrir síðastliðin þrjú ár. Útdrátt hefir hún gert úr reikningunum, til þess að sýna, hvernig fjenu hefir verið varið, sem til skógræktarinnar er veitt, og er útdrátturinn á þessa leið:

	1914	1915	1916
	kr.	kr.	kr.
1. Fjárveiting	17000.00	13000.00	15400.00
2. Ferðakostnaður skógræktarstjóra ...	858.53	1023.66	1098.25
—»— skógarv. á Suðurlandi	274.39	410.90	766.20
—»— — - Vöglum ...	90.95	161.25	19.50
—»— — - Hallormsst.	88.50	352.00	94.00
Ferðakostnaður alls... ..	1312.37	1947.91	1977.95
3. Til einstakra græðistöðva	875.94	638.95	738.00
4. — skóganna sjálfra alls	7732.36	2215.13	1851.89
6. — Fleytingar á viði (nettó tap auk viðarins)	383.45	573.12	1015.00
7. Til launa starfsmanna.....	6000.00	6000.00	8400.00

Yfirlitið ber það með sjer, að jafnvel þótt fjárveitingunum væri vel varið eftir fõngum, þá gengur meira en helmingur þeirra til launa og ferðakostnaðar lögakveðinna starfsmanna. Má efast um, að sum ferðalögin sjeu nauðsynleg, en þó er og sumum nefndarmönnum kunnugt, að nauðsynlegt eftirlit og leiðbeiningar skógvarðanna hefir ekki komist á vegna peningaskorts til eftirlitsferða. — Til skóggræðslunnar sjálfra eða grisjunar, girðinga og umbóta gengur minstur hluti fjáris, og fer minkandi. Virðist það mjög athugavert að hafa 4 starfsmenn til svo lítils. Að nokkru leyti stafar þetta af naumum fjárveitingum; en þær koma aftur af því, að fjárlaganefndunum hefir einlægt virst öll forstaða skógræktarinnar óheppileg í fylsta lagi. Meðal annars og sjer i lagi skal bent á fjáreyðsluna við fleytingar á skógviði, sem fullreynt er, að ekkert vit er í, en sívaxandi fjáreyðsla til ónýtis, eins og skýrslur og reikningar bera með sjer. Litur nefndin svo á, að það verði að varða stöðu skógræktarstjóra, ef hann heldur áfram viðarfleytingu og öðru jafn-fjarstæðu á kostnað landssjóðs. Þetta er hjer sagt landsstjórninni til nákvæmrar athugunar.

Nefndin vildi láta Hólmgæir Jensson halda styrknum. Bæði sendi hann skýrslu um lækningar sínar, er lýsti góðum árangri, og hjeraðið er afsækt og ilt að ná til læknis, þótt hann sje nú loks kominn i þanu landsfjórðung.

Hækkunin í 6. c. er hallærishækkun.

Gisli Guðmundsson, gerlafræðingur, hefir sótt um 300 kr. viðbót við borgun þá, sem honum er ætluð til gerlarannsóknar og aðstoðar á efnarannsóknarstofunni, og færir þau rök fyrir, að síðan hann við fráfall Ásgeirs heit. Torfasonar hefir veitt efnarannsókninni forstöðu, þá hafi störfin þar aukist svo mjög, að hann hafi orðið að sleppa annari atvinnu. Nefndin gat ekki fallist á, að verðleggja aðstoðarmannsstöðuna hærra en gert er, en álitur hins vegar sjálfsgat, að Gisli fái uppbót á launum sínum af forstöðumanns-laununum, á meðan hann

gegnir þeim störfum, eins og nú gerir hann, og auðvitað einnig þær aukatekjur, sem stöðunni fylgja.

Leiðbeiningamaður í húsagerð til sveita hafði mikils til of lág laun, en ekki batnaði nú, er honum var gert að skyldu að flytjast hingað til Reykjavíkur. Nefndin vill því hækka laun hans upp í 2500 kr., ferðafje upp í 600, og telur auk þess sjálfsagt að hann taki 5 kr. í kaup, þar sem hann vinnur.

Þá leggur nefndin til, að hækkuð sje fjárveitingin til samvinnufjelaganna síðara árið. Telur hún þá fræðslu afaráriðandi og nauðsynlega, sem þar ræðir um, og viðleitnina styrks maklega, þótt meiri væri en þetta.

Stjórnin fjeck tillögur frá stjórn Fiskifjelags Íslands í vetur um styrk til þess, og hefir tekið þær að öllu leyti til greina. En Fiskipíngið í sumar komst að þeirri niðurstöðu, að meira fje þyrfti til, ef sæmilega ætti að vinna.

Með því að skamt er að bíða að fjelag þetta komist á bekk með Búnaðarfélagi Íslands, og það á fyllilega eins skilið að vera styrkt af almannaþje, þar sem það vinnur að því að styðja og efla áhuga almennings og þekkingu á öðrum aðalatvinnuvegi landsins og bæta hag þeirra, sem við hann vinna, þá felst nefndin algerlega á tillögur Fiskipingsins.

Til erindreka erlendis hefir stjórnin ætlað 4000 kr., en Fiskipíngið 10000 kr. Nefndin álitur, að þetta starf sje alveg bráðnauðsynlegt og varði mjög heill alls almennings á þessu sviði. Góður maður getur gert mjög mikið gagn. Hann á að kynna öðrum þjóðum framleiðslu vora á þessum sviðum, kynna sjer og síðan almennungi þær kröfur, sem gerðar eru til slíkra vara á erlendum markaði, að taka eftir því, hvornig aðrar þjóðir hagnýta slíkar afurðir, t. d. með niðursuðu, reykingum, herslu o. s. frv., að leita eftir bestum kaupum á vörum til sjávarútgerðar og koma á hagfeldum samböndum um kaup á þeim, að kynnast nýjum veiðiaðferðum og styðja að því, að komið verði upp veiðarfæra-sýnishornasafni hjer í Reykjavík.

En nú er dýrt að dvelja erlendis og því dýrara að ferðast. En maður þessi verður að ferðast mikið um til þess að geta gert nokkurt verulegt gagn. Og ferðalögin verður hann að greiða af launum sínum. Nefndin telur því ekki verða komist af með minna en 12000 kr., ef sæmilegur maður á að fást til að takast starfið á hendur. En sjálfsagt þykir nefndinni, að stjórnin samþykki valið á mannum og fái skýrslur frá honum.

Nefndin leggur til, að hækkuð verði laun yfirmatsmanna á gæðum síldar. Er svo til ætlað, að Snorri Sigfússon fái þar af 600 krónur, en Jón St. Scheving 400 krónur.

Umsjónarmaður með áfengiskaupum hefir haft langtum lægri laun en skyldi, þar sem starfið er all-tafsamt. Leggur nefndin því til, að þau verði hækkuð upp í 1600 kr. En hún telur þetta starf skyldast tollgæslunni, og ætlast því til að það hverfi þangað, óðar en skipulagi hefir verið komið á hana.

Fjárveiting til námarannsókna er nú óþörf fyrir þá sök, að samþykkt hefir verið þingsályktunartillaga, sem heimilar stjórninni fje til þeirra hluta eftir þörfum. Þess vegna er lagt til að fella liðinn.

Loks hefir nefndin lagt til, að fje verði veitt til lendingarbóta í Húsavík og á Sauðárkróki. Þarf eigi að fjölyrða um svo sjálfsagða hluti, en þó er þess getanda, að nefndin vill að styrkir þessir sje veittir hreppsnefnd og sýslunefnd, og sjái þær um að almenningur hafi not umbótanna.

Bóndinn í Fornahvammi býr, sem menn vita, í þjóðbraut yfir fjallveg uppi undir heiði, og hefir því eins konar gistihús. En nú eru hús fallin mjög svo. Sækir hann því um styrk og lán til húsaagerðar, en kveðst ella verða að yfirgefa kotið. En þar sem mönnum er lífsnauðsyn á vetrum að hafa þar gistihús eða sæluhús, þá hefir nefndin lagt til, að honum verði hjálpað, svo sem brtt. benda til. Grein mun verða gerð í framsögu fyrir þeim brtt., sem hjer eru ekki taldar.

Alþingi, 17. ágúst 1917.

Pjetur Jónsson,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson,
framsögum.

Benedikt Sveinsson.

Jón Jónsson.

Þorleifur Jónsson.

Matth. Ólafsson.